



Stjórnarfundur 17. september 2013, nr. 23

Fundurinn er haldinn í Fróðleiksmolanum, Búðareyri 1 á Reyðarfirði.

Mætt: Valdimar O. Hermannsson, Rögnvaldur Ólafsson, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson boðar seinkun og mætir á fundinn kl. 15.20, Adolf Guðmundsson og Auður Ingólfssdóttir boða forföll. Einnig Karl Sölvi Guðmundsson framkvæmdastjóri og fundarritari Bergþóra Arnórsdóttir.

Valdimar setur fund klukkan 15.05 og fer yfir mál varðandi staðsetningu fundar og ástæður forfalla fundarmanna.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnar- og framkvæmdaráðs, staðfestar og undirritaðar.
 2. Fjármál Austurbrúar ses.
 3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - Skipting á sameiginlegum kostnaði
 - Starfsmannafundur Austur brúar 4.-5.sept.
 - Tilboð frá augslýsingastofu um vefsíðugerð
 - Staða húsnæðismála á Egilsstöðum
 - Staða annarra mála, stutt yfirferð.
 4. Aðalfundur SSA, 13. og 14. september
 5. Önnur mál, erindi, bréf.
-
1. **Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs** - staðfestar og undirritaðar.
 2. **Fjármál Austurbrúar ses.** – Anna Dóra fulltrúi fjármála fer yfir fjármál, samantekt fjármála var send í tölvupósti til stjórnarmanna í gær, 16.sept. Í yfirlitinu kemur fram að áætlað tap ársins er 5,7 milljónir miðað við tölur í janúar – júlí 2013. Taka þarf tillit til að sveiflur eru miklar hjá málaflokkum og tekjur árstíðabundnar. Umræður um samantektina og athugasemdir gerðar um framsetningu. Bæta þarf upplýsingar um fjármál -Það vantar rekstaráætlun og rauntölur seinasta árs, vantar frávík í prósentum og upphæð frávika. Vantar forsendur á bak við tekjur og útgjöld og samanburð á milli



ára. Einnig vantar sjóðstreymisyfirlit. Mikilvægt er að hafa fjárhagsáætlun ársins til hliðsjónar, Anna Dóra áætlað að upplýsingar varðandi fjárhagsáætlun geti verið komnar í bókhaldið í næstu viku. Hún mun á næstu vikum vinna að öðrum úrbótum í samræmi við athugasemdir fundarmanna.

Stefán Bogi mætir til fundar

Umræður um styrki á menningarsviði og hvernig farið verður með styrki sem ekki eru nýttir á almanaksárinu, hvernig farið er með það í bókhaldi að færa ónýtta styrki á milli ára.

Spurt um skiptingu fjármagns milli deilda út frá verkefnum og tímaskráningu í DK – á því er hægt að taka með verkbókhaldi sem áætlað er að setja upp í næsta mánuði, spurt hvernig færa skuli tekjur og gjöld af rekstri fasteigna en áætlað er að þeir liðir færist inn á fjármála og stoðþjónustusvið.

Umræður um þjónustusamninga og skiptingu milli málaflokka þar sem fyrirtæki voru fyrir sameiningu oft á tíðum bæði í þjónustu hjá markaðssviði og nýsköpunar- og þróunarsviði. Rætt um að gera þjónustusamninga við fyrirtæki fyrir næsta ár og byrja strax að undirbúa það. Það fer eftir eðli fyrirtækis inn á hvaða svið tekjur koma miðað við eðli starfsemi fyrirtækisins. Framkvæmdastjóra falið að vinna að því að fá fleiri fyrirtæki í þjónustu.

Breytingar verða á uppsetningu bókhalds Austurbrúar og sérfræðingar hjá DK ráðleggja að notað verði verkbókhald og það verði sett upp með hliðsjón af starfseminni, rafrænt samþykktarferli fer í gang um næstu mánaðarmót.

Framkvæmdastjóra og fjármálastjóra falið að segja upp núverandi samningi við Skrá ehf. og vinna að breytingu á bókhaldsverkefnum í samræmi við umræður fundarins.

Stjórnarformaður óskar eftir að 4.dagskrárliður verði tekinn til umræðu í framhaldi af 2 dagskrárlið, engar athugasemdir eru gerðar við það.



Valdimar fer yfir skipulag aðalfundar SSA, fyrirkomulag hluta fundarins var þannig að fulltrúar Austurbrúar fóru á milli borða og ræddu við sveitarstjórnarfulltrúa um málaflokka Austurbrúar. Umræðan var opin og upplifunin af fyrirkomulaginu var mjög jákvæð. Almennt var umræðan hreinskilin, fólk var ánægt með að eiga samtalið og fræðast um hvað er að gerast í hverjum málaflokki. Samheldni var einkennandi hjá fulltrúum eftir hópefli á starfsmannafundi nýverið og það smitaði af sér á fundinn, fólk fékk á tilfinninguna að verið væri að vinna saman að góðum málum. Menn eru almennt meðvitaðir um að Austurbrú sé til og að þar sé eitthvað að gerast, miklar væntingar voru til Austurbrúar við sameiningu og vilji til að þar verði eitthvað gert. Rætt um erindi Gylfa Arnbjörnssonar, fundarmenn voru jákvæðir gagnvart erindinu sem kom á óvart, umræður um sóknarfæri í menntun, mögulega í samstarfi við sveitarfélög.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a. **Skipting á sameiginlegum kostnaði** – tillaga framkvæmdastjóra er að skipting á kostnaði verði 20% af heildarveltu sviða annarri en sérmerktum styrkjum. Í sérmerktum styrkjum þarf að gera rekstraráætlun um umsýslu. Þessi fjárhæð þarf að standa undir kostnaði við yfirstjórn, fjármála- og stoðsvið og sameiginlegum rekstrarkostnaði s.s. tryggingum, síma, póstkostnaði, pappír prentun, endurskoðun og fleira. Samþykkt að þessi skipting verði viðmiðunarregla en það mun þurfa að gera undantekningar miðað við forsendur málaflokkanna. Umræður um flókna starfsemi Austurbrúar og skipting þurfi að taka mið af því. Fundarmenn telja mikilvægt að hafa viðmið en nauðsynlegt að endurskoða þessi viðmið reglulega t.d. árlegt endurmat. Töluverðar umræður voru um þessi viðmið og hvaða forsendur liggja á bak við hugmyndir um þessa skiptingu. Samþykkt að sameiginlegur kostnaður verði allt að 20% af heildarveltu eins og framkvæmdastjóri leggur til, verður endurskoðað fyrir ársfund 2014.



- b. **Starfsmannafundur** – umræður um fundinn sem framkvæmdastjóri var ánægður með, starfsmenn eru almennt jákvæðir gagnvart starfseminni og sérstök ánægja með nýju starfsmennina sem tóku virkan þátt í fundinum. Undir þessum lið er einnig fjallað um sameiginlegan fund fulltrúa og stjórnar, stefnt að því að það verði í næsta mánuði.
 - c. **Tilboð frá auglýsingastofum** . Rætt um ímyndarsköpun og heildarútlit fyrir Austurbrú. Borist hafa tilboð bæði í hönnun og forritun, framkvæmdastjóri leggur til að tekið verði tilboði annars vegar í hönnun og hins vegar í forritun. Þannig verði eftirlit í höndum hönnunaraðila með framkvæmdinni sem fer fram hjá þeim sem sér um forritun. Framkvæmdastjóra falið að ganga til samninga í samræmi við þau tilboð sem rætt er um. Áhersla lögð á að kostnaðaráætlanir standist.
 - d. **Húsnæðismál á Egilsstöðum** – Stefán Bogi leggur fram teikningar að húsnæði á Vonarlandi, búið er að fá samþykkti frá byggingarnefnd um framkvæmdina. Vísindagarðurinn ehf. hefur fjallað um málið og gerir tvo fyrirvara, annars vegar um viljrði fyrir leigu og hins vegar að ásættanleg fjármögnun náist. Samþykkt að halda verkefninu áfram þannig að það verði ásættanlegt fyrir báða aðila. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu í samstarfi við háttvirtan framkvæmdastóra Vísindagarðsins.
 - e. **Staða annarra mála** – Framkvæmdastjóri er á leið til Reykjavíkur ásamt fulltrúum á fræðsluviði næstkomandi föstudag og á fund í stýrineti stjórnarráðsins í vikunni á eftir.
4. **Aðalfundur SSA 13.-14.sept.** – sjá umfjöllun undir 2. dagskrárlið.
 5. **Önnur mál** – rætt um starfsáætlun stjórnar, Arnbjörg hefur lagt fram drög að starfsáætlun til viðmiðunar, lagt til að sambærileg áætlun verði gerð fyrir stjórn



Austurbrúar, ákveðið að setja fram slíka áætlun fyrir næsta ár. Stjórnarformaður ber ábyrð á áætlunin verði gerð og lögð fram á næsta eða þar næsta fundi.

Á vef RSK eru rangar upplýsingar sem þarf að uppfæra- framkvæmdastjóra falið að uppfæra skráningu Austurbrúar á opinberum vefum.

Starfshópur um skapandi greinar er enn að störfum og reiknar með að skila niðurstöðu í næstu viku. Framkvæmdaráði falið að vinna að verkefninu á milli stjórnarfunda í samráði við niðurstöður starfshópsins.

Næsti fundur ákveðinn 22. október og seinasti fundur ársins verði í lok nóvember.

Fundi slitið kl. 17.30

Valdimar O. Hermannsson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson

Rögnvaldur Ólafsson

Sverrir Mar Albertsson

Þórunn Eymundardóttir